



Fundargerð

8. maí 2015

## Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

*Fundurinn er númer 9 hjá núverandi stjórn og númer 992 frá upphafi.*

---

**Viðstaddir:** Sveinn Kristinsson, Gísli Friðriksson, Halldór Valdimarsson, Margrét Vagnsdóttir, Hrunn Snorradóttir, Helgi Ívarsson og Jónas Sigurðsson. Varamenn mættir: Ívar Kristinsson og Þóra Björk Nikulásdóttir. Sigrún Árnadóttir, Ragna Árnadóttir og Oddrún Kristjánsdóttir boðuðu forföll. Hermann Ottósson framkvæmdastjóri og Guðný Björnsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

### Gengið til dagskrár kl. 18.06

Formaður fór fram á leyfi fundarins til að bregða út frá boðaðri dagskrá og hafa yfirferð ársreikninga fyrst á dagskrá.

#### 1. Ársreikningar – endurskoðandi kynnir

Undir þessum lið mættu Agnar Páll Ingólfsson og Theodór Sigurbergsson, endurskoðendur frá Grand Thornton og Guðmundur Jóhannsson, fjármálastjóri.

##### a) Samstæðureikningur Rauða krossins á Íslandi

Farið yfir samstæðureikninginn.

##### b) Landsskrifstofa

Farið yfir uppgjör landsskrifstofu.

##### c) Sjúkrabílasjóður

Farið yfir uppgjör vegna sjúkrabílasjóðs.

##### d) Fatasöfnun

Farið yfir uppgjör fatasöfnunar.

##### e) Deildir

Farið yfir uppgjör deilda.

Samstæðureikningur samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

(Endurskoðendur og fjármálastjóri viku af fundi)

#### 2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 10. apríl

Fundargerð stjórnarfundar lögð fyrir. Leiðréttta þarf eina innsláttarvillu í fundargerðinni. Þar standur nýir formenn kjörnir 2014 á að vera 2015.

#### 3. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 28. apríl

Fundargerð framkvæmdaráðs lögð fyrir og samþykkt.

**4. Jarðskjálftar í Nepal – staða**

Söfnun hefur gengið vel og er komin yfir 30 milljónir. Alvogen heldur tónleika í Hörpu 6. júní og mun hluti ágóðans renna til Rauða krossins sem fara mun í hjálparstarf í Nepal. Einn sendifulltrúi á okkar vegum er starfandi í Nepal og munu tveir til viðbótar fara þangað nú um helgina.

**5. Jafnlaunavottun (minnisblað frá framkvæmdastjóra)**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi jafnlaunavottun hjá Rauða krossinum. Erfiðleikar við að fá jafnlaunavottunina þar sem að Rauði krossinn er byggður upp af deildum með eigin kennitölur og þar með mannráðningar ekki á einni hendi.

**6. Upplýsingar vegna fundar „smárra“ Rauða kross félaga Evrópu. Haldinn í Reykjavík í júní.**

Samráð sem hófst í fyrra og einróma ánægja var með. Var því ákveðið að halda þessu samstarfi áfram og er annar fundur haldinn hér á landi nú í júní. Framkvæmdastjóri Alþjóðasambandsins mun mæta á fundinn.

**6. Önnur mál****a) Þriggja mánaða uppgjör landsskrifstofu**

Framkvæmdastjóri lagði uppgjör síðustu þriggja mánaða fram til upplýsinga.

**b) Verkefnaskýrsla landsskrifstofu frá framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri upplýsti að 20.078 félagar væru í landsfélaginu og 2.751 virkir sjálfboðaliðar. Samþykkt var að tölulegar upplýsingar verði sendar til deilda þannig að þær sjái tilganginn með söfnun þessara upplýsinga.

Næsti fundur verður haldinn 26. júní.

**Fundi er slitið kl. 19.48**